

Nr. 078/ 14 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10**Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr.nr. 1585 IMO nr. 8003993
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi þann 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. ágúst 2014 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum í Víkurál. Veður: NA 8 m/s. ölduhæð 1-2 m.

Skipverji var við vinnu í lest og ýtti til færibandí en það hrökk til baka og lenti á vinstri hendi hans þar sem hann hélt í karabrún. Talsverður skurður kom á litlafingur sem búið var um til bráðabirgða en slysið varð á síðasta veiðidegi.

Við rannsókn kom fram:

- að slysið átti sér stað við neðri enda neðra færibandsins en það var fest við stút (trekt) á enda aðal lestarbandsins í lofti lestarinnar;
- að stúturinn á að snúast þegar neðra bandið er fært til hliðar í lestinni;
- að skipstjóri sagði að efri endi færibandsins ætti að geta snúist auðveldlega á stútnum og að hægt væri að fara með neðri endann til hliðar án vandkvæða;
- að slasaði sagðist hafa haldið í brún fiskikarsins sem bandið lá á þegar hann ýtti því til hliðar en þá hafi bandið eins og sporðreist og komið til baka;
- að slasaði sagði að bandið hafi legið ofan á öðru kari og það hafi geta verið rispað og hrjúft og haldið í bandið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.